

Ýmislegt skondið

Ringulreið í eldhúsinu

Eftirfarandi örsögur eru fengnar að láni úr bókinni

Survival Tips for Women with AD/HD eftir Terry Matlen M.S.W.

Hér eru nokkrar skemmti-sögur um ADHD.

Ég fann skó í frystinum.

Ég gleymdi kjúklingi í ofninum.

Hann varð blár.

Ég notaði handsápu í uppþvotta-vélina.

Sápu-löðrið þakti eldhúsgólfíð.

Gólfíð gljádi lengi.

Ég bjó til túnfisks-salat, en gleymdi túnfiskinum.

Ég reyndi að elda sér-stakan kjöt-hleif fyrir eigin-manninn.

Kjöt-hleifurinn brann til kaldra kola.

Hér á eftir koma nokkrar frábærar sögur sem safnað hefur verið saman af vinum, vandamönnum og starfsfélögum á vettvangi ADHD. Njóttu þessara örsagna og ég vona að þetta komi aldrei fyrir þig.

Í síðustu viku opnaði ég frystinn, og viti menn! Þar fann ég alveg spánytt skópar með verðmiðanum á. Ég hafði sett þá þar viku fyrr þegar ég ætlaði að losa límíða af skónum. Þeir hefðu aðeins þurft að vera í frystinum í fimm mínútur en auðvitað gleymdi ég þeim um leið og ég sneri mér í hina áttina. En núna átti ég spányja skó sem biðu eftir því að verða notaðir. Einnig hef ég fundið lítinn spegil í frystinum, ég hef ekki hugmynd um af hverju hann var þar.

Hefur þú einhvern tímann séð bláan kjúkling?

Ég tók kjúkling úr frystinum – þar sem ég á ketti ákvað ég að láta kjúklinginn þiðna inni í ofni svo kettirnir kæmust ekki í hann. Hvað haldið þið að hafi gerst? Auðvitað gleymdi ég honum. Í heila viku hafði hann legið þarna inni. Ég skal segja þér það, sem betur fer var hann í loftþéttum umbúðum ... en vissir þú að kjúklingur getur teygst mikið og blásið upp án þess að springa.

Allt í einu mundi ég eftir honum, opnaði ofninn, horfði á kjúklinginn og ældi næstum. Umbúðirnar voru uppblásnar og kjúklingurinn var blár og grænn. Ég tók hann upp og setti í ruslið fyrir utan heimilið.

Ég man eftir þegar ég var í minni fyrstu íbúð og hafði nýlega öðlast fjárhagslegt frelsi frá foreldrunum. Þegar ég bjó hjá foreldrunum hafði ég því miður komist hjá því að sinna eldhússtörfum. Þegar ég var byrjuð að búa komst ég ekki hjá því að setja mig inni þessa hluti. Ég átti uppþvottavél, en ekkert uppþvottaduft. Hvernig bjargaði ég þá málunum? Ég tók Palmolive handsápu mína, skar bita af henni og setti í vélina. Allt til að sleppa við

að þurfa að vaska upp. Nema hvað, ég setti vélina í gang, kveikti á sjónvarpinu og settist fyrir framan það. Nokkrum mínútum seinna fékk ég símtal og fór fram í eldhús til að ná í símann. Hvað haldið þið, þykkt lag af sápulöðri þakti eldhúsgólfíð. Ég byrjaði að hlæja eins og ég væri móðursjúk. Strákurinn á hinum enda línunnar skellti á og hringdi ekki aftur. EEEEN ég hef aldrei séð eldhúsgólfíð mitt skína eins fallega.

Fyrir um 6 árum bjó ég til túnfiskssalat í hádegismat fyrir mig og dóttur mína. Við átum salatið með bestu lyst en fannst það reyndar svolítið skrítið. Við áttuðum okkur þó ekki á því hvað var að. Litlu síðar, þegar við vorum inni í eldhúsi, sáum við túnfisksdósina enn á eldhúsbörðinu. Hver hefur smakkað túnfiskssalat án túnfisks?

Einu sinni ætlaði ég að gleðja eiginmann minn aðeins og jafnframt hleypa smá lífi í hjónalífið. Ég ákvað að elda handa honum góðan mat – kjöthleif. Nema hvað ég ákvað að móta úr kjötfarsinu marga litla hermenn með grænmetisskreytingu sem leit út eins og viss líkamspartur. Tvær grænar baunir hér og gulrótarsneið þar ... allir búnir að átta sig? Ég skar út og mótaði kjötfarsmennina og lagði þá á ofnskúffu og stakk í ofn. Hverjir hafa áttað sig á hvað gerðist svo? Þegar ég var búin að elda kjöthleifinn á sama hita og sömu tímalengd og venjulega tók ég út herdeildina og viti menn, ofnskúffan leit út eins og eftir kjarnorkuárás. Öll herdeildin brunnin til kaldra kola.





ÞORBjÖRN
 Hafnargötu 12 · 240 Grindavík



10 atriði sem aldrei skal gera inni í eldhúsi

10. Aldrei ná í ís úr frystinum þegar þú ert að hugsa um eitthvað annað. Þegar þú loks manst eftir því, þá mun kötturinn ekki einu sinni hafa áhuga á að drekka hann.
9. Aldrei kaupa eldhúsáhöld sem skemmast þegar þau verða brennheit - sérstaklega teflonhúðuð, þau lykta ógeðslega þegar þau gleymast í heitum ofni.
8. Ekki setja bara einn „tæmer“ í gang þegar þú ert að elda. Láttu einn inn í eldhús og settu hinn í vasann á þér og settu þá báða á sama tíma. Þannig áttu möguleika á að forða matnum frá bruna.



Teikning: Siggi Valur

7. Ekki nota sama pottinn til að elda kartöflustöppuna og þú notaðir til að lita bolinn fyrir dóttur þína, af því þú fannst ekkert annað betra til að lita í. Fjólublá kartöflumús er ekki mjög spennandi.

6. Eldaðu aldrei án þess að hafa stóran dunk af matarsóða við hlið þér - hægt er að slökkva ótrúlegustu elda með því að hella matarsóða á eldinn. Þannig getur þú bjargað fasteign þinni frá stórtjóni. Mundu að nota ekki hveiti.
5. Ekki skipta út innihaldi í uppskrift, sérstaklega ef þú átt von á gestum. Farðu frekar þrjár ferðir í búðina til að ná í rétta hráefnið. Þannig getur þú bjargað hjónabandinu og forðað gestum frá ferð á slysadeildina.
4. Aldrei fara út úr húsi fyrr en liðnar eru sextíu mínútur frá því að þú varst í eldhúsinu. Þá minnka líkurnar á símtali sem byrjar eitthvað á þessa leið: „Hæ elskan, gætum við gist á hóteli næstu vikuna á meðan tryggingarnar endurbyggja húsið?“
3. Þegar þú ert að prófa nýja uppskrift sem felur í sér tveggja tíma undirbúning skaltu finna aðra uppskrift eða kaupa tilbúinn mat. Það er óhugsandi að þú haldir athygli allan þennan tíma.
2. Aldrei lesa Mörthu Stewart - það er enginn möguleiki á því að hún sé með ADD eða að hún sé raunveruleg. Hún er markaðsmynd sem Stephen King skapaði.

TROMMUSÓLÓ!

Númer eitt sem aldrei á að gera í eldhúsinu.

1. Aldrei kaupa íbúð með risastóru eldhúsi. Í fyrsta lagi ratar þú aldrei út úr því (búin að prófa). Einnig munt þú eyða of miklum tíma í að muna hvar þú lést kryddið síðast þegar þú notaðir það. Miklu einfaldara er að giftast manni sem eldar eða finna búð sem eldar mat og er með heimsendingu.

Íris Halldórsdóttir þýddi

Góð ráð:

Passið ykkur að gleyma ekki ísnum á borðinu!

Ekki kaupa eldhús-áhöld sem þola ekki að brenna!

Það er ekki nóg að stilla eina klukku þegar þú eldar!

Ekki nota sama pottinn til að elda mat og lita föt!

Gott er að hafa dunk með vatni þegar þú eldar til að slökkva eldinn!

Ekki breyta uppskriftum.

Ekki fara úr húsi ef þú ert nýbúin að vera að elda!

Ekki elda flóknar upp-skriftir, keyptu tilbúið!

Ekki lesa Mörthu Stewart!

Ekki kaupa eldhús með stóru eldhúsi, það getur verið erfitt að rata!

